

og úrskurða stefnda málskostnað. Ber því að fella hina kærðu dómsathöfn úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hin kærða dómsathöfn er úr gildi felld, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 18. nóvember 1974.

Nr. 198/1974: **Lúðvík Gizurarson**
 gegn
Kaupfélagi Rangæinga.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Kærumál, Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. október 1974, sem hingað barst 15. nóvember s. á. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma sóknaraðilja til

að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 7.000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Lúðvík Gizurarson, greiði varnaraðilja, Kaupfélagi Rangæinga, kr. 7.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. október 1974.

I.

Mál þetta var tekið til dóms eða úrskurðar 25. september s.l. Aðalstefnandi og gagnstefndi er Kaupfélag Rangæinga, Hvals-velli. Aðalstefndi og gagnstefnandi er Lúðvík Gizurarson, Greni-mel 20, Reykjavík.

Aðalsök er höfðuð með stefnu, birtri 14. janúar 1974, og þing-fest 17. janúar 1974. Gagnsök er höfðuð með gagnstefnu, birtri 27. júní 1974, og þingfest sama dag.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þær, að stefndi verði dæmd-ur til að greiða honum kr. 328.096.10 auk 1½ % dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 31. maí 1973 til greiðsludags og máls-kostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Dómkröfur stefnda í aðalsök eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnað-ur.

Dómkröfur gagnstefnanda í gagnsök eru þær, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 100.000.00 ásamt 9% árs-vöxtum frá 27. júní 1974 að telja til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur gagnstefnda í gagnsök eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og honum gert að greiða gagnstefnda hæfi-legan málskostnað í gagnsök.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna þann 25. september s.l., og er einungis sá þáttur málsins hér til úr-lausnar.

Sættir hafa verið reyndar í þessum þætti málsins, en án árang-urs.

II.

Málavöxtum í aðalsök er þannig lýst í stefnu, að stefndi hafi á undanförnum árum, fram til 31. desember 1972, tekið vörur út í reikning hjá stefnanda. Hafi þess vegna hlaðist upp nokkur skuld á viðskiptareikningi hans. Skuldin nemi stefnufjárhæðinni, sem miðist við 31. maí 1973. Stefndi hafi ekki greitt þessa skuld þrátt fyrir innheimtutilraunir.

Um efni gagnsakar segir svo orðrétt í gagnstefnu: „Rök fyrir kröfunni í gagnsök eru þessi:

- a) Skaðabótakrafa. Kaupfélag Rangæinga hefur oftekið vexti á viðskiptareikningi Lúðvíks Gizurarsonar við KR og brotið þannig lög um bann við okri, dráttarvexti o. fl. nr. 58/1960. Með verknaði þessum skerðir KR lögvarða hagsmuni Lúðvíks Gizurarsonar og skapar sér skaðabótaskyldu skv. almennu skaðabótareglunni. Að áliti gagnstefnanda var ekki um samningsvexti að ræða á viðskiptareikningnum, en hámark annarra vaxta en samningsvaxta var 7% til 16. maí 1973, en 9% frá þeim degi, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1960.
- b) Þóknun. Eins og rakið er í greinargerð í aðalsök, vann gagnstefnandi sem lögmaður fyrir KR fyrir nokkrum árum, og var alltaf svo um talað, að sanngjörn greiðsla kæmi fyrir það verk. Nái rökstuðningur í lið a) ekki fram að ganga, er stefna þessi studd með kröfu um lögfræðipóknun.
- c) Nái rökstuðningur í liðum a) og b) ekki fram, er það þrautavarakrafa mín, að málskostnaður verði felldur niður, enda um verulega réttaróvissu að ræða í sambandi við framangreind sjónarmið.“

Frekari rökstuðning eða málavaxtalýsingu er hvorki að finna í gagnstefnu né greinargerð í gagnsök.

III.

Krafa gagnstefnda um frávísun gagnsakar er studd þeim rökum, að í gagnstefnu sé engin viðhlítandi grein gerð fyrir kröfum gagnstefnanda eða skiptingu þeirra. Einungis sé krafist kr. 100.000.00 ásamt vöxtum og málskostnaði, ósundurliðað, og eigi það bæði við skaðabótakröfu vegna vaxta og einnig kröfu um þóknun. Á það megi benda, að gagnstefnandi hafi einnig haft uppi mótmæli gegn vaxtakröfu í aðalsök, þar sem hann mótmæli vöxtum sem of háum, og sýnist því óþarfi og jafnvel ólöglegt að hafa sömu kröfuna uppi í tveim málum samtímis. Að því er varði þóknunarlið í kröfu gagnstefnanda sé rökstuðningurinn fyrir

honum algerlega ófullnægjandi. Hvergi sé minnst í gagnstefnunni einu orði á það, í hverju lögfræðistörf gagnstefnanda fyrir gagnstefnda hafi verið fólgin, og enginn reikningur hafi verið lagður fram fyrir þessi störf, sem telja verði þó lágmarkskröfu. Þannig sé svo lítil og óljós grein gerð fyrir kröfum gagnstefnanda, að einsýnt sé, að vísa beri málinu frá dómi vegna vanreifarunar.

Af hálfu gagnstefnanda er því haldið fram, að kröfur hans séu nægilega reifaðar og skýrðar og því beri að hrinda kröfu gagnstefnda um frávísun gagnsakar.

IV.

Engin grein er gerð fyrir, hvernig stefnufjárhæð í gagnsök er fengin, og hún er ósundurliðuð. Vaxtakrafa er órökstudd. Í gagnstefnu kemur ekki fram, í hverju lögfræðistörf gagnstefnanda fyrir gagnstefnda voru fólgin, og engin gögn lögð fram þar að lútandi. Í heild er málatilbúnaði gagnstefnanda svo áfátt, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. og meginreglu 105. gr. sömu laga, að taka verður til greina kröfu gagnstefnda um frávísun gagnsakarinnar.

Gagnstefndi hefur krafist málskostnaðar sérstaklega í þessum þætti málsins. Eftir framangreindri niðurstöðu verður gagnstefnandi dæmdur til að greiða gagnstefnda málskostnað, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 15.000.00.

Dóm þennan kvað upp Björn Þ. Guðmundsson borgardómari.

Dómsorð:

Gagnsök í máli þessu er vísað frá dómi.

Gagnstefnandi, Lúðvík Gizurarson, greiði gagnstefnda, Kaupfélagi Rangæinga, kr. 15.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.